

# Raforkueftirlitið

## UPPRUNI RAFORKU

## Stöðluð yfirlýsing fyrir árið 2024

### 1. Inngangur

Stöðluð yfirlýsing sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum. Niðurstöðurnar byggja á gögnum um raforkuframleiðslu á Íslandi og viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með vísan í reglugerð nr. 757/2012.

### 2. Innleiðing

Söluþráttur sem ekki afskrá upprunaábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu. Fyrirtæki sem hins vegar afskrá upprunaábyrgðir eiga að birta sérstaka yfirlýsingu sem Umhverfis- og Orkustofnun samþykkir. Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

### 3. Framleiðsla raforku á Íslandi 2024


Á Íslandi er raforka framleidd að stærstum hluta með vatnsorku og jarðhita en einnig lítilsháttar með jarðefnaeldsneyti. Framleiðsla ársins 2024 skiptist á eftirfarandi hátt

Endurnýjanleg raforka	GWh	Hlutf.
Vatnsorka	13.604	69,4%
Jarðvarmi	5.986	30,5%
Vindorka	13	0,1%
Sólarorka	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>19.603</b>	<b>100%</b>

Jarðefnaeldsneyti (Fossil fuel)	GWh	Hlutf.
Jarðefnaeldsneyti	3	0,0%


**Alls** **19.606** **100%**

### Framleiðsla raforku á Íslandi 2024



### 4. Skipting raforkuframleiðslu á Íslandi:


#### Raforkuframleiðsla á Íslandi eftir orkugjöfum 2024



### 5. Uppruni raforku á Íslandi 2024

Þegar upprunaábyrgðir vegna framleiðslu á endurnýjanlegri orku eru seldar frá Íslandi til Evrópu, þarf við framsetningu gagna vegna raforkusölu á Íslandi að taka inn í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er í Evrópu. Í íslenskum gögnum koma þess vegna fram orkugjafar sem annars eru ekki notaðir til orkuframleiðslu hér á landi en eru notaðir í Evrópu. Með þessu móti er komið í veg fyrir tvítalningu á upprunaábyrgðum. Fyrir árið 2024 hefur Umhverfis- og Orkustofnun gefið út upplýsingar um uppruna raforku á hverja megavattstund [MWh] að teknu tilliti til sölu upprunaábyrgða úr landi og þar með innflutning gagna um orkusölu í Evrópu í staðinn. Niðurstaðan er eftirfarandi:

#### Uppruni raforku á Íslandi 2024



### 6. Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Útreikningar Raforkueftirlitsins á úrgangsefnum eru gerðar út frá upplýsingum um úrgangsefni frá Evrópu og leiðrétt eftir því magni af upprunaábyrgðum sem eru gefnar út og afskráðar.

#### Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi

Úrgangsefni	2024	Eining
Koldíoxíð	563,92	gCO <sub>2</sub> /kWh
Geislavirkur úrgangsgur	0,37	mg/kWh